



Frjálsi lífeyrissjóðurinn í 40 ár

Eftir Ásdísi Evu Hannesdóttur

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fagnaði á síðasta ári 40 ára starfs-afmæli sínu, sem teljast verður gott fyrir opinn lífeyrissjóð, sem öllum er frjálst að greiða til. Árangur lífeyrissjóðsins allt frá stofnun er góður. Frjálsi er fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins með um 237 milljarða í hreina eign, um 58 þúsund sjóðfélaga og yfir 3,5% samanlagða raunávöxtun í samtryggingar- og séreignardeild skyldulífeyrissparnaðar síðastliðin 20 ár. Þar að auki hefur sjóðurinn vaxið hlutfallslega meira en íslenska lífeyriskerfið í áraraðir.

Jákvæðum áhrifum sjóðsins á lífeyriskerfi landsmanna í gegnum árin og baráttu hans fyrir valfrelsi almennings í lífeyrismálum er vert að halda á lofti. Þá skal því einnig haldið til hags að lífeyriskerfið er, og á að vera, í sífelldri þróun. Sigurður R. Helgason, fyrrverandi formaður stjórnar sjóðsins, skrifaði grein í tilfinni af 20 ára afmæli sjóðsins, þar sem hann undirstrikaði mikilvægt hlutverk sjóðsins í þróun íslenska lífeyriskerfisins og vitnaði þar til nýrrar löggjafar. Í grein Sigurðar sagði: „Frjálsi lífeyrissjóðurinn er brautryðjandi á sínu sviði og hefur haft forgang um bættu þjónustu við lífeyrisþega, sem nú er búið að staðfesta í lög 20 árum síðar. Sjálfsögð þjónusta, svo sem regluleg yfirlit, árlegir sjóðfélagafundir og fulltrúar sjóðfélaga í stjórn sjóðsins, hefur um árabil verið veitt sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins.“

Það gleymist stundum, en margt af því sem við teljum sjálfsagt í dag hefur ekki alltaf verið það.

Umræða um lífeyrismál mikilvæg

Á 40 ára afmælisárinu tók ég við sem stjórnarformaður Frjálsa líf-



Ásdís Evu Hannesdóttir

eyrissjóðsins og það er mér sönn ánægja að taka við kefli forvera míns, Ásgeirs Thoroddsen. Markmið stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur alltaf verið að ná árangri fyrir hönd sjóðfélaga. Lífeyrissjóðir hafa verið í umræðunni síðustu misseri og að mínu mati eiga þeir alltaf að vera það. Stjórn

Frjálsa lífeyrissjóðsins fagnar allri umræðu um lífeyrismál, ásamt samanburði við aðra sjóði, því sjóðurinn stendur frammarlega á öllum sviðum. Að mínu mati þurfa lífeyrissjóðir að hlusta á eigendur sína, sjóðfélagana, og eiga við þá samtál á öllum stigum æviskeiðsins. Aukin þekking og áhugi sjóðfélaga á þessum mikilvægu málum fæst aðeins með aukinni umræðu og fræðslu.

Á komandi misserum mun Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggja áherslu á að byggja ofan á þann trausta grunn sem lagður hefur verið, meðal annars með því að auka gagnsæi í starfsemi sjóðsins enn frekar. Aukið gagnsæi felst til að mynda í enn betri upplýsingagjöf til sjóðfélaga, sem mun m.a. koma fram á vef sjóðsins sem nýlega var opnaður í endurbættari útgáfu. Þá mun sjóðurinn jafnframt halda áfram að berjast fyrir auknu valfrelsi almennings þegar kemur að lífeyrismálum.

Hagsmunir sjóðfélaga í fyrirrúmi

Íslenskir lífeyrissjóðir sjá ýmist um rekstur og eignastýringu sjálfir, eða úthýsa til fjármálafyrirtækja, með það að markmiði að ná fram hagræði og góðri ávöxtun. Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur ætíð kosið að úthýsa nær allri sinni starfsemi og hefur átt farsælt samstarf við Arion banka síðastliðin 10 ár. Þetta rekstrarfyrirkomulag á stóran þátt í þeirri velgengi sem sjóðurinn hefur notið allt frá stofnun hans fyrir 40

» Markmið stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur alltaf verið að ná árangri fyrir hönd sjóðfélaga.

árum. Rekstrarsamningur Frjálsa lífeyrissjóðsins og Arion banka er aðgengilegur á vef Frjálsa fyrir þá sem vilja kynna sér hann.

Undanfarið hefur rekstrarfyrirkomulag sjóðsins verið í umræðunni. Ég þakka þeim sjóðfélögum sem hafa gefið sér tíma til að rýna starfsemi sjóðsins til gagns og legg á sama tíma áherslu á mikilvægi þess að umræðan sé mál-efnaleg og byggð á staðreyndum. Það er mín einlæga skoðun að ef við ætlum að vinna saman að því að bæta lífeyriskerfið í heild sinni eða einstaka sjóði, þá þurfi allir þátttakendur umræðunnar að sýna ábyrgð.

Valfrelsi í lífeyrismálum

Sjóðfélagar Frjálsa hafa raunverulegt frelsi þegar kemur að lífeyrissparnaði og áhrif á þróun sjóðsins. Frá og með næsta ársfundum Frjálsa lífeyrissjóðsins verða allir stjórnarmenn sjóðsins kosnir af sjóðfélögum en jafnframt hefur það ætíð verið í höndum sjóðfélaga að taka ákvarðanir um breytingar á samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagar með skyldusparnaði í Frjálsa geta valið um tvær leiðir þegar kemur að ráðstöfun iðgjalda í séreign og samtryggingu og allt að 78% af 15,5% iðgjaldi fer í erfanlega séreign. Þá hafa sjóðfélagar jafnframt úr misáhættumiklum fjárfestingaleiðum að velja fyrir séreign sína.

Ég vil nýta tækifærið og þakka sjóðfélögum Frjálsa lífeyrissjóðsins það traust sem þeir hafa veitt stjórnendum sjóðsins á 40 ára starfsævi hans.

Með von um áframhaldandi farsælt og gott samband.

Höfundur er stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins.